

Upplýsingar um bílþvott í Urriðaholti




Ofanvatni er veitt niður í jarðveginn í Urriðaholti og áfangastaður vatnsins er Urriðavatn, þess vegna er þvottur á bílplönnum íbúa sérstaklega skaðlegur umhverfinu.

Með því að þvo bílinn á eigin bílastæði er verið að veita eitrefnum (bensíni, tjöru o.fl.) greiða leið í jarðveginn. Skiptir þá ekki máli hvort notuð er umhverfisvottuð sápa vegna þess að sápan leysir upp skaðleg efni sem safnast hafa á bílinn og fara út í umhverfið. Bíla á að þvo á bílþvottastöð. Við val á bílþvottastöð er ráðlagt að spyrjast fyrir um meðhöndlun á afrennslisvatni.



Taka skal tillit til ofanvatnslausna í allri umgengni á svæðinu, s.s. við meðferð efna, þar sem efni sem losna út í umhverfið geta borist með ofanvatni til Urriðavatns.

Öll bílastæði á lóðum í Urriðaholti skulu vera með gegndræpt yfirborð samkvæmt deiliskipulagi. Einu bílastæðin utanhúss í hverfinu, sem ekki eru gegndræp, eru bílastæði á þaki bílgeymsla sem eru afvötnuð út í lóð. Yfirfall af bílastæðunum á að fara í regnvatnslögn og þaðan í næsta græna geira. Þaðan er vatnið leitt í áttina að Urriðavatni. Í stað þess að leiða regnvatn sem fellur á þök, bílastæði og götur og gangstéttir burt úr byggðinni í holræsalögnum, þá er það leitt í gegnum gegndræp yfirborðsefni ofan í jarðveginn, eins nálægt þeim stað sem það fellur og mögulegt er. Það sem ekki síast niður í jarðveginn er síðan leitt í ofanvatnsrásum meðfram götum að grænum geirum, sem liggja niður í gegnum byggðina að Urriðavatni.



GARÐABÆR

URRIÐAHOLT